

## SKIPULAGSSKRÁ fyrir styrktarsjóðinn Vináttu.

1. gr.

*Stofnandi.*

Stofnandi fyrir styrktarsjóðinn Vináttu er Lex ehf., kt. 570297-2289, Borgartúni 26, Reykjavík.

2. gr.

*Framlag stofnanda.*

Stofnfé er 1.135.000 kr. sem lagt er fram af stofnanda.

3. gr.

*Hemili.*

Heimilisfang og varnarþing sjóðsins er í Reykjavík.

4. gr.

*Ábyrgð.*

Sjóðurinn ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum. Hann er óháður öðrum lögaðilum og einstaklingum.

5. gr.

*Tilgangur og starfsemi.*

Tilgangur sjóðsins er að styðja fjárhagslega við bakið á Kristjönu Sif Bjarnadóttur, kt. 190167-4109, og fjölskyldu hennar vegna ólæknandi veikinda hennar (e. Huntington disease). Sjóðurinn hefur jafnframt þann tilgang að styðja fjárhagslega við bakið á afkomendum Kristjönu Sifjar, komi upp sams konar veikindi hjá þeim. Stjórn sjóðsins tekur ákvörðun um framlög úr sjóðnum eftir fjárhagslegum þörfum fjölskyldunnar/afkomenda hverjum sinni.

6. gr.

*Skipulag stjórnar.*

Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur einstaklingum. Stjórnina skipa Birna Bjarnadóttir, kt. 311262-3949, Jón Diðrik Jónsson, kt. 110463-2009, og Ólafur Haraldsson, kt. 070165-5709.

Stjórnarmenn sitja ótímabundið í stjórninni en segi þeir sig úr stjórn skulu þeir tilnefna nýjan mann í sinn stað. Hverfi einstaklingur úr stjórn án þess að tilnefna annan í sinn stað skulu þeir sem eftir sitja tilnefna nýjan stjórnarmann.

Stjórnarmenn fá hvorki greidd laun né þóknun í neinu formi fyrir störf sín.

7. gr.

*Starfssvið stjórnar.*

Stjórnin skal framfylgja meginmarkmiðum stofnskrár þessarar og einstökum ákvæðum hennar. Hún skal taka allar meiriháttar ákvárdanir á vegum sjóðsins. Stjórnin ákveður m.a. stefnu sjóðsins almennt og í einstökum málefnum, sér um bókhald, gerir rekstraráætlunar og ákveður hvernig fjármunir sjóðsins skuli ávaxtaðir. Stjórn hefur umsjón með fjárvörlu sjóðsins og skal sjá til þess að þeir séu tryggilega varðveisittir.

Stjórnin er að öllu leyti óháð boðvaldi stofnenda eða annarra aðila.

8. gr.

*Stjórnarfundir.*

Boða skal til stjórnarfunda með tryggilegum hætti.

Ákvárdanir stjórnar eru teknar með meirihluta atkvæða. Enga mikilvæga ákvörðun má taka fyrir hönd sjóðsins nema stjórnin sé fullskipuð.

Aðalatriði þess sem fram fer á stjórnarfundum skal færa til bókar.

9. gr.

*Fjároflun.*

Sjóðurinn veitir viðtöku styrkjum og öðrum fjárfamlögum. Honum er óheimilt að taka lán.

10. gr.

*Ráðstöfun eigna.*

Stjórnin má eingöngu ráðstafa tekjum og eignum sjóðsins í samræmi við megin tilgang sjóðsins, sbr. 5. gr. Stjórn mun ráðstafa styrkjum til fjölskyldunnar eftir þörfum hennar hverju sinni, t.d. vegna lyfjakaupa, aðhlynningarþjónustu og annars nauðsynlegs aðbúnaðar.

11. gr.

*Breyting á skipulagsskrá.*

Heimilt er að breyta skipulagsskrá þessari með samþykki allra stjórnarmanna.

Slikt skal borið skriflega undir sýslumanninn á Norðurlandi vestra.

12. gr.

*Slit sjóðsins.*

Sjóðnum verður slitið með samþykki allra stjórnarmanna. Eignum hans skal þá ráðstafað í samræmi við tilgang hans.

13. gr.

*Reikningar.*

Reikningsár sjóðsins skal vera almanaksárið og fyrsta reikningstímabilið skal vera tímabilið frá stofnun sjóðsins til 31. desember 2015.

Stjórn sjóðsins skal ganga frá reikningum hans fyrir 1. júní ár hvert og skulu þeir endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda.

Endurskoðandi sjóðsins skal kosinn á aðalfundi sjóðsins ár hvert. Eymundur Sveinn Einarsson, endurskoðandi hjá Endurskoðun og ráðgjöf ehf. skal vera endurskoðandi sjóðsins fyrsta starfsár hans.

14. gr.

*Skipulag.*

Styrktarsjóðurinn Vinátta er sjálfseignarstofnun samkvæmt lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá. Um reikningshald sjóðsins fer eftir þeim lögum.

15. gr.

*Staðfesting.*

Leita skal eftir staðfestingu sýslumannsins á Norðurlandi vestra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá nr. 19/1988.

*Sýslumaðurinn á Norðurlandi vestra, 24. apríl 2015.*

**Bjarni Stefánsson.**

*Auður Steingrimsdóttir.*